

REGLUGERÐ

um fjárhæð dagsekta vegna vanrækslu sveitarfélaga.

1. gr.

Um lágmarks- og hámarksfjárhæð dagsekta sem ráðuneytið leggur á sveitarfélög vegna vanrækslu á lögbundnum skyldum skv. 116. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fer eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Dagsektir skulu að lágmarki nema kr. 25.000 og að hámarki kr. 300.000 á dag frá þeim degi sem þær eru ákvarðaðar og fram að þeim degi sem skyldu er fullnægt að mati ráðuneytisins.

Við ákvörðun á fjárhæð dagsekta skal taka mið af alvarleika brots og íbúafjölda sveitarfélags.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 116. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 2018.